

## Beygjast nafnorð með sama viðskeyti alltaf eins?

### 1. Inngangur<sup>1</sup>

Í 37. árgangi *Íslensks máls* (2015) skrifar Anton Karl Ingason um beygingu nafnorðsviðskeyta í íslensku. Hann beitir þar svokallaðri **samleguhömlu** (e. *adjacency constraint*). Sú hamla mun vera „afleiðing af því hvernig málkunnáttan er skipulögð og þar með hluti af algildismálfræðinni (e. *Universal Grammar*)“ (Anton Karl Ingason 2015:71, Embick 2010). Anton ræðir talsvert um hömlu þessa og fræðilegar forsendur hennar og er þarflaust að endurtaka það efni. Umræða mín takmarkast aðeins við eina afleiðingu hömlunnar og orðast hún svo hjá Antoni (2015:70):

Sama nafnorðsviðskeyti beygist alltaf eins.

Sem dæmi um þessa hegðun nefnir Anton meðal annars viðskeytið *-ar*. Orðin *leikari* og *bakari* beygjast eins, og alhæfingin meinar þeim að hafa nokkurn mismun. Anton skoðar nokkur valin dæmi um viðskeyti og finnur engin brot á þessari alhæfingu. Hann telur því að íslensku gögnin styðji „þá tilgátu að samleguhamlan í orðhlutafræði sé raunveruleg“ (2015:78).

Greining Antons felur í sér nokkur nýmæli. Í skrifum um íslenska orðmyndunarfræði hefur iðulega verið gert ráð fyrir því að orð með sama viðskeyti geti haft fleiri en eitt beygingarmynstur. Því má tína til allmörg tilfelli sem virðast, að minnsta kosti við fyrstu sýn, vera mótdæmi. Hér reifa ég nokkur slík dæmi og sum þeirra virðast nægilega skýr til þess að vekja verulegar efasemdir um að alhæfingin standist. Mikið veltur þó á því hvernig fyrirbærið *viðskeyti* er skilgreint en til að tilgátan sé prófanleg þarf það að vera ljóst.

Kristín Bjarnadóttir (2005:7, 136) greinir á milli viðskeyta og annarra bundinna liða þannig að viðskeyti hafi málfræðilegt hlutverk fremur en eiginlega merkingu. Þetta er hentug skilgreining og sú sem ég nota hér.

<sup>1</sup> Ég þakka Aðalsteini Hákonarsyni, Jóni Axel Harðarsyni, Katrínu Axelsdóttur, ónafngreindum ritrynum og Haraldi Bernharðssyni ritstjóra margar gagnlegar ábendingar.

Í þessari grein ræði ég hegðun fimm viðskeyta, fyrst *-ar* og *-ing*, sem Anton fjallar um í sinni grein, og svo *-ó*, *-leik* og *-ung* til viðbótar. Öll þessi viðskeyti vekja efasemdir um að alhæfingin um beygingu viðskeyttra orða standist.

## 2. Viðskeytið *-ar*

Í rannsókn sinni tekur Anton fyrir það sem hann kallar „viðskeytið *-ar*“. Um orð með því viðskeyti sækir hann gögn úr *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) og að samsettum orðum slepptum finnur hann 557 rætur sem þetta viðskeyti bætist á. Öll munu þau beygjast eins og *leikari* (2015: 75).<sup>2</sup>

Því miður skilgreinir Anton hvergi hvað hann á við þegar hann segir „viðskeytið *-ar*“. Nú eru greinilega til mörg nafnorð sem enda á myndaninu *-ar* en beygjast ekki eins og *leikari*, ekki síst mannanöfn eins og *Hjálmar* og *Stein-ar*. Varla er hægt að segja að liðurinn *-ar* hafi hér eiginlega merkingu og ætti hann þá að teljast viðskeyti. Er það þá ekki mótdæmi við alhæfinguna að *leikari* og *Hjálmar* beygist á mismunandi hátt? Hugsanlega en ekki endilega. Hér kemur til greina að líta svo á að um sé að ræða tvö viðskeyti sem bæði hafa formið *-ar* en mismunandi málfræðileg hlutverk. Annað myndar gerandnafnorð af sögnum (*að leika*; *leikari*), hitt myndar mannanöfn af nafnorðum (*hjálmur*; *Hjálmar*).

Hlutverkaadgreining af þessu tagi hefur þó greinilega ekki vakað fyrir Antoni því að hann segir að við getum „staðfest að bullorðið *núrari* beygist eins og *leikari*“. Nú er sögnin *að núra* ekki til og *núrari* er því ekki dregið af henni. Af þessu virðist mega ráða að Anton skilgreini viðskeytið *-ar* ekki út frá því hlutverki að mynda nafnorð af sögnum. Mér er auk þess ekki ljóst að bullorðið *núrar-* gæti ekki beygst eftir einhverju öðru mynstri, til dæmis eins og *Gunnar* eða jafnvel sem kvenkynsorð eða hvorugkynsorð. Með því að bæta nefnifallsendingunni *-i* aftan á og gera ráð fyrir karlkyni er verið að gefa sér það sem til stóð að sýna fram á.

Ég get fallist á að öll karlkynsorð sem enda á *-ari* í nefnifalli eintölu beygist eins í íslensku en það er ekki sérstaklega afleiðing af því að þau hafi viðskeytið *-ar* heldur fremur því að öll karlkynsorð sem hafa beygingarendinguna *-i* í nefnifalli eintölu hafa sömu beygingu.

Um fjölbreytni orða sem enda á *-ari* hefur Eiríkur Rögnvaldsson (1988)

<sup>2</sup> Upptalning á þessum 557 rótum fylgir ekki greininni og þegar ég spurði Anton um gögnin voru þau því miður glötuð. Ég veit því ekki hvort tiltekin orð, t.d. *kjallari* og *töffari*, voru talin með.

áður fjallað. Hann bendir á orð eins og *meistari*, *kjallari*, *töffari*, *söngvari*, *fiðlari*, *Valsari* og *Þórsari* sem virðist ýmist mega tengja við samnöfn, sérnöfn, lýsingarorð eða jafnvel engin önnur orð í málinu.<sup>3</sup> Sannarlega beygist *kjallari* eins og *leikari* en varla getur það talist vera í krafti þess að hafa sama viðskeyti. Vandséð er að *-ar* í *kjallari* eigi nokkurt málfræðilegt hlutverk sameiginlegt með *-ar* í *leikari*.

Hér er því ákveðinn tvíkostur fyrir hendi. Ef við gerum kröfu um að viðskeyti sé skilgreint út frá tilteknu málfræðilegu hlutverki neyðumst við til að meðhöndla orð eins og *leikari*, *kjallari*, *töffari*, *fiðlari* og *Valsari* þannig að þau hafi ekki eitt og sama viðskeytið. Alhæfingin er þá ekki rofin en spádómsgildi hennar rýrist; — það er þá ekki sameiginlegt viðskeyti sem veldur því að öll þessi orð beygjast eins. Ef við gerum á hinn bóginn ekki kröfu um sameiginlegt málfræðilegt hlutverk er alhæfingin rofin með því að *leikari* og *Hjálmar* beygjast ekki eins.

Um beygingu *-ar* segir Anton enn fremur: „Samkvæmt þessu er ekki von á því að aðgreining gæti orðið til á milli nf. ft. *leik-ar-ar* og *\*bók-ar-ir*. Slík þróun ætti að vera útilokuð.“ Hér verður mér hugsað til færeysku. Í færeysku talmáli á Straumey og víðar er algengt að orð af þessum toga hafi fleirtöluendinguna *-ir* (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:353) en sú beyging er ekki viðurkennd í ritmálinu.<sup>4</sup> Ekki þarf að leita lengi í færæskum textum til að finna ósamræmi, jafnvel innan einnar setningar:

- (1) a. Á fimleikalíðnum loppunum eru vit 8 **fimleikarar** og 2 **venjarir**. (ljósíð.fo)
- b. **Luttakarir** voru lesandi og **lærarar** úr 14 sjúkrarøktarfrøðiskúlum. (setur.fo)
- c. Pallborðsorðaskifti var millum **granskarar**, embætisfólk, **politikarir** og aktivistar. (kvinnuhúsíð.fo)

Nú veit ég ekki hvort það er svo að einni og sömu manneskju geti verið samt að hafa sum orð með fleirtölunni *-ir* og önnur með *-ar*. Ef svo væri mætti hugsa sér að orð sem eru algengari í ritmálinu hafi frekar *-ar* í málvitundinni og þau sem eru algengari í talmálinu hafi frekar *-ir*. Þetta væri fróðlegt að rannsaka en ekki eru tók á því að sinni.

Um þessa færeysku þróun er rétt að taka fram að hún nær, eftir því

<sup>3</sup> Ritrýnir bætir við orðunum *barbari* og *rabarbari*.

<sup>4</sup> Nemendur eru varaðir við þessari beygingu t.d. hjá Henriksen 1980:13, Davidsen og Mikkelsen 1993:188–189 og Andreasen og Dahl 1997:72–73. Líklegt er að slíkur málflutningur hafi haft áhrif á talmál menntafólks, sbr. Hagström 2005:1757.

sem ég best fæ séð, til allra fleirkvæðra karlkynsorða sem enda á *-ari* í nefnifalli eintölu. Þannig má til dæmis finna fleirtölumyndirnar *meistarir* og *kjallarir* sem ekki geta haft sama viðskeyti og *venjarir* í þeim skilningi sem hér er lagt upp með. Breytingin virðist því dæmi um að orð með sama hljóðafari verði fyrir sams konar beygingarfræðilegum vendingum.

### 3. Viðskeytið *-(n)ing*

Næsta viðskeyti á lista Antons er *-(n)ing* hjá kvenkynsorðum og er þar *aukning* nefnd sem dæmi. Hér finnur Anton 482 dæmi og öll reynast þau beygjast á sama hátt. Hann gerir hins vegar enga tilraun til að rökstyðja að hér sé um eitt viðskeyti að ræða. Það er ekki augljóst að *-ning* og *-ing* sé sama viðskeyti enda ræðst það ekki af hljóðkerfislegu umhverfi hvort *n-ið* kemur fram. Eins verður að spyrja hvaða málfræðilega hlutverk þessi orð eiga sameiginlegt.

Nú er greinilega algengt að *-ing* og *-ning* komi fyrir í sagnleiddum verknáðarheitum. Sem dæmi um þetta nefnir Guðrún Kvaran (2005:137) m.a. orðin *send-ing* ‘það að senda’ og *ráð-ning* ‘það að ráða’. En einnig koma fyrir afurðaheiti; — *teikn-ing* er yfirleitt ekki ‘það að teikna’ heldur venjulega afurðin sem verður til þegar teiknað er. Er þá ljóst að orðin *send-ing* og *teikn-ing* hafi endilega sama viðskeyti frekar en *Hjálm-ar* og *leik-ar-i*?

Um karlkynsorð sem innihalda *-ing* og *-ning* hefur Anton fundið 80 dæmi og segir þau öll beygjast eins. Aftur er ekki ljóst hvers vegna þetta tvennt ætti að teljast sama viðskeyti og enn er rétt að huga að hinu málfræðilega hlutverki. Sum karlkynsorð með *-ing* eru leidd af nafnorðum, eins og *Ís-lend-ing-ur*, önnur eru leidd af sagnorðum, eins og *næð-ing-ur*. Er endilega sama viðskeyti í þessum tveimur orðum?

Meginvandamálið er þó að í grein Antons er hvergi útskýrt hvers vegna *-(n)ing* ætti að vera annað viðskeyti þegar það kemur fram í karlkynsorðum en kvenkynsorðum. Hér væri þó sannarlega útskýringar þörf því að málfræðingar hafa allt eins sett þetta undir sama hatt. Þannig segir Eiríkur Rögnvaldsson að mörg viðskeyti séu „til í fleiri en einu kyni“ (1986:4) og nefnir meðal annars *-ing* sem dæmi. Guðrún Kvaran (2005: 137–138) fjallar einnig um *-ing* sem eitt viðskeyti þótt það komi fyrir í orðum af tveimur kynjum.

Reyna mætti að rökstyðja að *-(n)ing* hafi alltaf annað málfræðilegt hlutverk í karlkynsorðum en kvenkynsorðum og sé þar með annað við-

skeyti. Þetta er þó hægara sagt en gert. Guðrún Kvaran bendir á að *-ing* og *-ning* koma fyrir í sagnleiddum karlkynsorðum og nefnir sem dæmi orðin *vellingur*, *ruglingur*, *þvættingur*, *þeytingur*, *grafningur*, *mulningur*, *ruðningur* og *samningur* (Guðrún Kvaran 2005:138). Þetta virðast gjarnan vera afurðaheiti eins og *teikning*.

Hér höfum við þá heilan flokk mótdæma gegn alhæfingunni um beygingu viðskeyttra orða. Sem dæmi getum við tekið orðin *vellingur* og *teikning*.

(2) nf.	vell-ing-ur	teikn-ing
þf.	vell-ing	teikn-ing-u
þgf.	vell-ing-i	teikn-ing-u
ef.	vell-ing-s	teikn-ing-ar

Orðin beygjast ekki eins en góð rök eru til að telja þau hafa sama viðskeyti. Ritrýnir bendir enn fremur á orðin *klofn-ing* og *klofn-ing-ur* sem hafa svipaða merkingu en mismunandi kyn og mismunandi beygingu.

#### 4. Önnur viðskeyti

Sem fyrr segir hefur íslenskum viðskeytum áður verið lýst svo að þau geti komið fyrir í nafnorðum af mismunandi kyni. Dæmi um frjótt viðskeyti af þessu tagi er *-ó* en með því má mynda orð af öllum kynjum, til dæmis kvenkynsorðið *tengdó*, karlkynsorðið *strætó* og hvorugkynsorðið *tyggjó*. Samkvæmt *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* beygjast þessi orð svona:

(3) nf.	tengd-ó	tyggj-ó	stræt-ó
þf.	tengd-ó	tyggj-ó	stræt-ó
þgf.	tengd-ó	tyggj-ó-i	stræt-ó
ef.	tengd-ó	tyggj-ó-s	stræt-ó-s

Hér virðist vera allgreinilegt dæmi um þrjú orð sem hafa sama viðskeyti en þrenns konar beygingu.

Nú kann að vera að einhver vildi líta svo á að tiltekið viðskeyti hljóti alltaf að hafa sama kyn. Þar með yrði sagt að *klofningur* og *klofning* hljóti að hafa mismunandi viðskeyti og *tengdó*, *strætó* og *tyggjó* hefðu sömuleiðis þrjú aðgreind *-ó* viðskeyti. Mér er að vísu óljóst hver rökin fyrir slíkri greiningu gætu verið og hún myndi verulega rýra spádómsgildi samleguhömlunnar enda eru tilbrigði í íslenskri nafnorðabeygingu mjög tengd kyni orða.

Ef einblínt er á eitt kyn eru færri beygingarmynstur í boði og minni möguleiki á að mótdæmi geti verið til. Eigi að síður má spyrja hvort til séu dæmi um að tvö orð hafi sama kyn og sama viðskeyti en mismunandi beygingu. Svo virðist raunar vera og ég er ekki fyrstur til að halda því fram.

Eiríkur Rögnvaldsson (1986) hefur rætt „dæmi um að sama viðskeytið sé notað bæði með sterkri og veikri beygingu í sama kyni“ og nefnir þar meðal annars viðskeytið *-leik* en með því má mynda óhlutstæð nafnorð af lýsingarorðum. Hér eru þrjú nafnorð með því viðskeyti ásamt þeirri beygingu sem mér er tóm:

(4) nf.	fróð-leik-ur	veik-leik-i	sann-leik-ur <sup>5</sup>
þf.	fróð-leik	veik-leik-a	sann-leik-a
þgf.	fróð-leik	veik-leik-a	sann-leik-a
ef.	fróð-leik-s	veik-leik-a	sann-leik-a

Tíðnileit í tímarita- og dagblaðsafninu *Tímarit.is* (<http://timarit.is/>) sýnir að allur þorri notkunardæma er í samræmi við mína máltilfinningu. Til dæmis finnst ekkert nýlegt dæmi um nefnifallsmyndirnar *fróðleiki* eða *veikleikur*.

Einnig má líta á dæmi um sterka og veika beygingu með viðskeytinu *-ung*:

(5) nf.	systr-ung-ur	sveit-ung-i
þf.	systr-ung	sveit-ung-a
þgf.	systr-ung-i	sveit-ung-a
ef.	systr-ung-s	sveit-ung-a

Bæði þessi nafnorð eiga við tengda einstaklinga og eru mynduð af öðrum nafnorðum. Það er eðlilegt að líta svo á að í þeim sé sama viðskeytið þótt algengasta beygingin sé mismunandi.

<sup>5</sup> Vissulega kemur til álita að greina þetta þannig að um sé að ræða tvö orð, *sannleiki* og *sannleikur*, sem hafi sömu merkingu og standi í fyllidreifingu (sbr. Kristínu Bjarnadóttur 2014:125). Það er þó betur í samræmi við mína málvitund að líta á þetta sem eitt orð. Ég beygi orðin *kærleikur* og *hugur* á sama hátt og gæti mynstrið átt uppruna sinn í tilhneigingu til að forðast tilbrigði í stofni orða, í þessu tilfelli framgömun. Nefna má að sama beygingarmynstur er einnig til í færeyskum mannanöfnum, t.d. nefnifall *Dávur*, aukaföll *Dáva* (Andreasen og Dahl 1997:212, Lockwood 1955:29–30; Hammershaimb 1891:lxxxi) og hlýtur þar að eiga sér einhverja aðra skýringu. Mikið óyndisúrræði væri að greina þetta svo að *Dávur* heiti í rauninni tveimur nöfnum sem standi í fyllidreifingu. Eðlilegra virðist að sætta sig við að beygingarmynstrið *-ur* í nefnifalli og *-a* í aukaföllum sé raunverulegt, þótt sjaldgæft sé, bæði í færeysku og íslensku.

## 5. Hvað veldur því að orð beygist eins?

Ég hef hér sýnt nokkra flokka mótdæma gegn alhæfingunni um beygingu viðskeyta<sup>6</sup> og hef efasemdir um að hún standist í afdráttarlausri mynd. Ég ætla þó ekki að neita því að það er algengt að orð sem hafa sama viðskeyti hafi sömu beygingu. Anton segir (2015:78):

Þegar hægt er að skoða mikinn fjölda nafnorða án þess að finna nokkuð skýrt frávik frá alhæfingu um möguleg og ómöguleg mynstur er eðlilegt að líta svo á að það sé ekki tilviljun.

Ég get tekið undir þetta. En valmöguleikarnir eru ekki aðeins samleguhamlan eða tilviljun heldur geta fleiri skýringar komið til álita. Hvers vegna beygjast orð með sama viðskeyti gjarnan eins? Hér má nefna að í málinu ríkir almenn tilhneiging til þess að orð sem enda á sömu hljóðum fái sömu beygingu. Þetta gildir jafnvel þótt ekki sé um viðskeyti að ræða. Þegar á 17. öld benti Runólfur Jónsson á að íslensk kvenkynsorð sem enda á *-ík* eða *-eik* í nefnifalli eintölu enda á *-ur* í nefnifalli fleirtölu (Guðrún Kvaran 1993:132). Þó vænti ég þess að enginn telji *-ík* vera viðskeyti í orðum eins og *brík*, *vík* og *pólitík*. Um samband stofngerðar og beygingar hafa ýmsir fjallað og margt er um það að segja (sjá t.d. Margræti Jónsdóttur 1993 og Eirík Rögnvaldsson 2001).

Anton ræðir um hina beygingarlegu alhæfingu í samhengi við málbreytingar og tekur þar dæmi um þá nýjung að orð eins og *aukning* geti fengið eignarfallsmyndina *aukningu* við hlið eldri myndarinnar *aukningar*. Hann segir að samkvæmt kenningunni um eina beygingu hvers viðskeytis ætti „eignarfallið *-u* í *aukningu* aðeins að vera mögulegt í máli einhvers ef öll orð með kvk. *-(n)ing* leyfa sama mynstur“. Það má til sanns vegar færa að þeir sem segja *aukningu* í eignarfalli eru líklegir til að segja líka *byggingu* og *virðingu* í eignarfalli. En þetta er ekki endilega vegna þess að orðin hafi sama viðskeyti heldur fremur vegna þess að þau höfðu sama beygingarmynstur til að byrja með. Til eru önnur orð með sama beygingarmynstur, nefnilega kvennanöfn eins og *Kristín*. Nú hefur *Kristín* ekki sama viðskeyti og *aukning* en verður samt einnig fyrir þeirri nýjung að fá endinguna *-u* í eignarfalli.

Setja má fram tvö viðmið um beygingar sem ég held að lítill ágreiningur geti verið um:

<sup>6</sup> Ég hef hér sett á oddinn þau dæmi sem mér þykja skýrust eða hnýsilegust; – textanum er ekki ætlað að vera tæmandi upptalning mótdæma.

- (6)a. Orð hafa tilhneigingu til að beygjast eins ef þau hafa líkt hljóðafar, jafnvel þótt þau hafi ekki sameiginlegt viðskeyti. Með þessu má skýra að *brík* og *vík* beygjast eins og á þennan hátt mætti einnig skýra að *kjallari* og *leikari* beygjast eins.
- b. Þegar beygingar breytast eru það oft heil beygingarmynstur sem verða fyrir breytingum. Með þetta í huga kemur ekki á óvart að orðin *aukning* og *Kristín* verði bæði fyrir þeirri breytingu að fá *-u* í eignarfalli.

Spyrja má hvort sú fullyrðing að orð með sama viðskeyti beygist eins færi okkur eitthvað umfram fullyrðingarnar tvær að ofan. Það er vel hugsanlegt að svo sé. Tilhneigingin til að orð með sama viðskeyti beygist eins kann að vera sterkari en sú almenna og götótta tilhneiging að orð með líkt hljóðafar beygist eins. En undantekningalaus regla um sömu beygingu orða með sama viðskeyti er illsamræmanleg við gögnin sem hér hafa verið lögð fram.

## 6. Niðurstöður

Tilgangur þessarar greinar er að prófa þá alhæfingu að sama nafnorðs-viðskeyti beygist alltaf eins. Ljóst er að orðatvenndir á borð við þessar fjórar sýna mismunandi beygingu:

- |                 |   |                  |
|-----------------|---|------------------|
| (7) vell-ing-ur | : | teikn-ing        |
| stræt-ó (þgf.)  | : | tyggj-ó-i (þgf.) |
| fróð-leik-ur    | : | veik-leik-i      |
| systr-ung-ur    | : | sveit-ung-i      |

Ef fella á þessar orðatvenndir undir alhæfinguna þarf að leggja einhvern annan skilning í orðið *viðskeyti* en hingað til hefur tíðkast í íslenskri málfræði.

Það sem alhæfingin spáir rétt fyrir um má að minnsta kosti að einhverju leyti skýra með öðrum leiðum sem við höfum óháðar ástæður til að aðhyllast; — það er að segja að orð með líkt hljóðafar beygist eins og að beygingarmynstur breytist gjarnan í heilu lagi. Ef alhæfingin spáir að auki rangt fyrir um sumt má efast um að hún sé raunsönn lýsing á málkunnáttunni.



## HEIMILDIR

- Andreasen, Paulivar og Árni Dahl. 1997. *Mállæra*. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.
- Anton Karl Ingason. 2015. Samleguhamlan í beygingu íslenskra nafnorða. *Íslenskt mál* 37:69–80.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN). Ritstjóri: Kristín Bjarnadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík: <http://bin.arnastofnun.is/>
- Davidson, Kári og Jonhard Mikkelsen. 1993. *Ein ferð inn í føroyskt*. Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. *Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra*. Erindi flutt á ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins, „Að orða á íslensku“, 8. nóvember 1986. Aðgengilegt á <https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/fyrirlestrar/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1988. *Einsleitir grummur íslenskra viðskeyta*. Erindi flutt á 3. Raskráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins, 19. nóvember 1988. Aðgengilegt á <https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/annad-efni/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2001. Stofngerð íslenskra orða. *Orð og tunga* 5:129–166.
- Embick, David. 2010. *Localism versus Globalism in Morphology and Phonology*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Guðrún Kvaran. 1993. Grammaticæ islandicæ rudimenta. Íslensk málfræðibók frá 17. öld. *Íslenskt mál* 15:123–140
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga 2. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Hagström, Björn. 2005. Written language and forms of speech in Faroese in the 20th century. Oskar Bandle, Kurt Braunmüller, Ernst Håkon Jahr, Allan Karker, Hans-Peter Naumann og Ulf Teleman (ritstj.): *The Nordic languages. An international handbook of the history of the North Germanic languages*, bls. 1750–1758. Walter de Gruyter, Berlin.
- Hammershaimb, V.U. 1891. *Færøsk anthologi 1. Tekst samt historisk og grammatisk indledning*. Møller, København.
- Henriksen, Jeffrei. 1980. *Grundbók Brævskúlans í føroyskum*. Tórshavn.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakarias Svabo Hansen. 2004. *Faroese: An overview and a reference grammar*. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.
- Kristín Bjarnadóttir. 2005. *Afleiðsla og samsetning í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Kristín Bjarnadóttir. 2014. Beygingarlýsing íslensks nútímamáls: Regluverk eða beygingardæmi. *Orð og tunga* 16:123–140.
- Lockwood, W.B. 1955. *An introduction to modern Faroese*. Munksgaard, København.
- Margrét Jónsdóttir. 1993. Um ar- og ir-fleirtölu karlkynsnafnorða í nútímamálsensku. *Íslenskt mál* 15:77–98.
- Timarit.is*, timarita- og dagblaðasafn. Landsbókasafn–Háskólabókasafn, Reykjavík: <http://timarit.is/>

## SUMMARY

‘Do words with the same suffix always have the same inflection?’

**Keywords:** noun declension, contextual allomorphy, locality, linear adjacency, Distributed Morphology, Icelandic

An article by Anton Karl Ingason (2015) proposes that each Icelandic nominalizer is always associated with exactly one inflection pattern. This is a consequence of an *adjacency constraint* formulated by Embick (2010). The present paper points out that Anton Karl Ingason’s analysis goes against some previous morphological analyses of Icelandic which have held that the same suffixes (such as *-ing* and *-ung*) can occur with different inflection patterns (in this case, strong feminine declension as well as weak and strong masculine declension). A pair of nouns such as *vell-ing-ur* ‘pottage’ from *vella* ‘to boil’ and *teikn-ing* ‘drawing’ from *teikna* ‘to draw’ would thus appear to form a counterexample. Similar counterexamples are adduced for the suffixes *-ó* and *-leik*. They appear to be diverse and numerous enough to cast doubt on the proposed constraint.

*Haukur Þorgeirsson*

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*

*Árnagarði við Suðurgötu*

*IS-101 Reykjavík*

**ICELAND**

*haukur.thorgeirsson@arnastofnun.is*